

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Reykjanesbæ

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Reykjanesbær, kt. 470794-2169, í samningi þessum nefnt RNB, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og verkefni

- 1.1. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að styðja tímabundið við náms- og ráðgjafaurræði á Suðurnesjum vegna vaxandi atvinnuleysis á svæðinu. Markmið aðgerðanna eru að:
 - tryggja aðgengi að námi á öllum skólastigum og auðvelda íbúum þannig að byggja upp hæfni til framtíðar.
 - tryggja þátttöku barna og ungmenna í frístunda-, tómstunda- og íþróttastarfi yfir sumartímann.
 - leggja sérstaka áherslu á hæfniþróun og íslenskunám útlendinga, sem eru skv. greiningu Vinnumálastofnunar, stór hluti atvinnuleitenda á svæðinu.
- 1.2. Verkefnið byggir á niðurstöðum aðgerðahóps sem stofnaður var í kjölfar fundar mennta- og menningarmálaráðherra með íbúum Suðurnesja í Reykjanesbæ 2. apríl 2019. Verkefnið er símalausa námskeiðið sem haldið er af félagsmiðstöðinni Fjörheimum fyrir börn í 5. – 7. bekk.
 - Verkefnið er samvinnuverkefni sveitarfélaga á Suðurnesjum.
 - Sérmarkmið verkefnis er að bjóða börnum upp á markvisst tómstundastarf sem lið í forvörnum.
 - Áhersla er lögð á fjölbreytta dagskrá og að koma í veg fyrir inniveru og athafnaleysi. Einnig að gefa þátttakendum tækifæri til að kynnast jafnöldrum sínum og nærsamfélagi.
 - Haldin verða tvö námskeið, 1. – 12. júlí og 22. júlí – 2. ágúst.
 - Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvoru námskeiði er 10.

2. Forsendur sammings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 2.2. Framlag ráðuneytisins til sammings þessa er kr. 2.000.000,-. Ekki er gert ráð fyrir þáttökugjöldum í verkefnin.
- 2.3. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 2.4. RNB starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni.

3. Ábyrgð

- 3.1. RNB ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. RNB skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. RNB ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. RNB er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.

WA
BA

